



Shinichi Suzuki – In memoriam

Japanski fiðlukennarinn Shinichi Suzuki lést þann 26. janúar 1998 á hundraðasta aldursári. Hans er nú minnst um allan heim sem eins af stórmönnum tuttugustu aldarinnar, fyrir hugsjónir sínar, viðhorf til uppeldismála og víðtæk áhrif á tónlistarkennslu. Þann 17. mars var haldin almenn athöfn til minningar um hann í Japan.

"Ef til vill er það tónlistin sem á eftir að bjarga heiminum", sagði cellósnillingurinn Pablo Casals er hann hafði hlustað á 400 japönsk börn á aldrinum fjögurra til tólf ára leika saman fiðlukonserta eftir Bach og Vivaldi í Tokyo árið 1960. Þessi börn höfðu lært á fiðlu eftir aðferð sem Japaninn Shinichi Suzuki hafði þá verið að þróa í um tuttugu ár. Þegar Suzuki hitti Casals sagði hann: "Ég hef verið nemandi þinn lengi..." Casals leit á hann með undrunarsvip og sagði: "En góði maður, ég hef aldrei hitt þig áður" Suzuki svaraði með glettnisglampa í augum, "Ég hef lært af hljómplötunum þínum, ég hlusta á þær daglega"

Meistari Casals var hræður yfir þeim frábæra árangri sem Suzuki hafði náð í kennslu sinni. Það var í sjálfu sér ekkert merkilegt að 10 ára barn gæti leikið konserta eftir Bach, það hafa jú alltaf verið til undrabörn í tónlist, en að sjá 400 börn leika slík verk saman, það virtist vera kraftaverk..

Það er því ekki undarlegt að kjarninn í menntastefnu Shinichi Suzukis er að öll börn geti lært. Ef börn geta lært móðurmál sitt á tveim þrem árum án mikillar sýnilegrar fyrirhafnar, því skyldu þau þá ekki alveg eins geta lært að leika á hljóðfæri? Hann rannsakaði hvaða skilyrði væru nauðsynleg til að börn lærðu móðurmálið og reyndi að líkja eftir þeim. Eitt af því fyrsta sem hann áttaði sig á var að börn heyra móðurmálið í kringum sig allt frá fæðingu. Fullorðið fólk talar við nýfædd börn, án þess að það sé meðvitað að kenna barninu að tala. Um leið og börnin byrja að babla skiljanleg orð ljóma allir af hrifningu og hrósa barninu, kyssa það og kjassa. Mjög uppörvandi viðbrögð fyrir barnið! Barnið er síðan orðið vel talandi áður en nokkrum dettur í hug að kenna því að lesa.

Í stuttu máli varð úr þessum hugleiðingum Suzukis tónlistarkennsluáferð þar sem fyrir hendi verður að vera stöðug hlustun á námsefnið og alla góða tónlist, og jákvætt og hvetjandi umhverfi til náms. Í því skyni virkjar hann foreldrana, sem koma með í alla tíma, vinna með börnunum heima og sjá til þess að hlustað sé á námsefnið. Hann leggur mikla áherslu á að börn þroskist best þegar kærleikur ríkir í kringum þau. Hrósið sé vænlegra til árangurs en skammir. Hann telur alltof seint að biða með hljóðfæranám til skólaaldurs. Hann vill byrja sem allra fyrst, eða með hlustun allt frá fæðingu og formlegum tónlistartímum frá þriggja ára aldri.

Fregnir af frábærum árangri Suzukis við strengjakennslu bárust til Bandaríkjanna upp úr 1960. Árið 1964 fór fyrsti hópur ungra japanskra fiðlubarna til Bandaríkjanna í tónleikaferð og kom fram á almennri ráðstefnu tónlistarkennara og Samtökum strengjakennara í Ameríku. Færni barnanna vakti mikla athygli og upp úr því fjölgaði gagnkvæmum heimsóknum. Svipuð tónleikaferð Japanskra fiðlubarna var farin í fyrsta sinn til Evrópu árið 1970.



Vissulega heyrðust líka neikvæðar raddir. Sumum fannst leikur barnanna vélrænn, og höfðu áhyggjur af að þau lærðu ekki að spila eftir nótum. Einnig var útbreiddur sá misskilningur að um hópkenntuáferð væri að ræða, þar sem börnin spiluðu lögin oft saman í hóp. Sumar af þessum gagnrýniröddum voru vissulega réttmætar, ef mið var tekið af vestrænum viðhorfum, venjum og tónlistarhefðum. En reynslan hefur leitt í ljós að aðferðin sjálf virkar jafn vel hvar í veröldinni sem er, rétt eins og

mannlegt eðli er allstaðar samt við sig. Útkoman verður hins vegar alltaf í samræmi við þá þekkingu, færni, tilfinningar og tónlistarhefðir sem lagðar eru í kennsluna. Þær geta verið breytilegar eftir heimshlutum. Til dæmis hefur verið lögð meiri áhersla á nótnalestur, tónfræði og kammertónlist í Evrópu en í Japan. Höfuðmáli skiptir hversu vel tekst að virkja umhverfi nemandans. Þar skipta góðar fyrirmyndir mestu.

Kannanir vísindamanna hafa rennt styrkum stoðum undir kenningar Dr. Suzukis hin síðari ár. Þær hafa sífellt leitt betur í ljós hve mikilvæg fyrstu ár barna eru varðandi allan þroska. Öll síendurtekin áreiti sem börnin verða fyrir hafa áhrif á myndun tenginga í heilanum og hafa geysivíðtæk áhrif á framtíðarþroska þeirra. Einnig hefur verið sýnt fram á að tónlistarnám frá unga aldri er beinlínis örvandi fyrir árangur á ýmsum öðrum sviðum náms.

Suzuki náði undraverðum árangri í kennslunni, ekki aðeins með fáum útvöldum, heldur öllum þorra nemenda. Samt lagði hann mikla áherslu á að beita börnin ekki þrýstingi. Það viðhorf að ná ákveðnum árangri fyrir ákveðinn tíma er ekki til í hans menntastefnu. Námshraðinn er undir getu barnsins kominn, börnin fá að fara eins hægt yfir námsefnið og þau þurfa, en einnig jafnhvatt og geta þeirra leyfir. Það er engum vísað frá og það fellur enginn á prófi. Samt sem áður er mikil áhersla lögð á fagleg vinnubrögð, aga og einbeitingu. Hrósi fyrir alla áfanga að settu marki, hversu litlir sem þeir kunna að virðast, ásamt gamansemi og þjálfun í gegnum leik er einnig mjög mikilvægur þáttur kennslunnar.



Það gefur auga leið að ýmsa þætti þessarar kennslufræði mætti nýta í öllu almennu skólalærni og raunar er aðferðafræði Suzukis alls ekki einskorðuð við tónlistarnám. Í Japan, Bandaríkjunum og Kanada starfa leikskólar þar sem hugmyndafræði hans er beitt við kennslu tungumála, stærðfræði og annarra námsgreina með góðum árangri.

En hver er svo tilgangurinn með að hefja tónlistarnám svo snemma. Samkvæmt hugmyndafræði Suzukis er það einkum að skapa heilbrigða og hæfileikaríka einstaklinga, með gott hjartalag. Ef til vill hefur heimstýrjöldin síðari sett mark sitt á hugsjónir Suzukis. Hann vildi verja lífskröftum sínum til að gera börn jarðarinnar hamingjusöm. Hamingjusamt fólk eyðir ekki tíma sínum í styrjaldir. Hamingjuna taldi hann að börnin öðluðust meðal annars með því að þroska sem best hæfileika sína og gott hjartalag. Hann taldi tónlistariðkun hentuga til þess.

Markmiðið er ekki að skapa litla snillinga eða að nemendur verði atvinnu-tónlistarfólk. Á hinn bóginn hefur það sýnt sig að Suzukinám leggur oft góðan grunn sem auðvelt er að byggja ofan á. Það er t.d. staðreynd að mjög hátt hlutfall nemenda

í Julliard skólanum í New York hefur í byrjun lært eftir Suzukiaðferðinni. Eitt af því sem stuðlar að þessum góða grunni er sífelld áhersla á fallega tónmyndun. Tónninn er sál tónlistarinnar sagði meistarinn. En til þess að spila á hljóðfæri með fallegum tóni þarf að huga vel að eðlilegri líkamsbeitingu, vönduðum vinnubrögðum og góðri tækni

Shinichi Suzuki var fæddur í Nagoya í Japan þann 17. október 1898. Hann var sonur hljóðfærasmíðs og ólst upp við störf í verksmíðju föður síns. Sem ungur maður heillaðist hann af upptöku með leik fiðlarans fræga Mischa Elman, og reyndi að líkja eftir honum upp á eigin spýtur. Um tvítugt fór hann til Tokyo til að nema fiðluleik. Síðar fór hann til Þýskalands til náms og dvaldi í þar í átta ár. Í Þýskalandi kynntist Suzuki konuefni sínu, söngkonunni Waltraud Prange, en þau giftu sig árið 1928 og fluttu til Japan skömmu síðar. Er heim kom starfaði Suzuki sem fiðluleikari,



stofnaði kvartett ásamt bræðrum sínum og ferðaðist víða um Japan til tónleikahalds. Einnig stundaði hann kennslu. Japanir voru þá mjög opnir fyrir vestrænum áhrifum og tóku vestrænni tónlist opnum örmum. Fiðlukennsla Suzukis vakti athygli og nemendum hans fjölgaði. Hann hafði mikla ánægju af kennslunni, nemendurnir urðu góðir vinir hans, og margir þeirra náðu snemma ótrúlegum árangri. Seinni heimstyrjöldin var erfið fyrir ungu hjónin; þau voru lengi aðskilin. Eftir að stríðinu lauk hófst nýtt tímabil í ferli Suzukis. Honum var boðið til Matsumoto til að aðstoða við að koma á fót tónlistarskóla. Árið 1946 var skóli hans "The Talent Education Research Institute" stofnaður formlega. Næstu áratugi helgaði hann sig kennslunni og þróaði áfram kennsluáðferð sína. Dr. Shinichi Suzuki hefur hlotið ótal viðurkenningar fyrir frábær störf sín í þágu mannkynsins víða um heim. Hann hefur m.a. verið sæmdur heiðursdoktorsnafnbót átta sinnum.

Nú eru rúmlega 8000 Suzukikennarar í heiminum með yfir 200.000 nemendur í meira en fjörutíu þjóðlöndum. Aðferðin var upphaflega þróuð við fiðlukennslu en hefur verið aðlöguð mörgum öðrum hljóðfærum, söngrödd meðtalinni, og einnig leikskólakennslu. Árið 1983 voru stofnuð alþjóðleg samtök til að koma á tengslum milli allra Suzuki kennara í heiminum.

Til Íslands bárust kenningar Suzukis um 1975 og skutu fyrst rötum við Tónlistarskólann á Akureyri. Íslenska Suzukisambandið var stofnað árið 1985. Það eru samtök kennara og foreldra sem aðhyllast Suzukistefnuna og markmið samtakanna er að stuðla að útbreiðslu hennar hér á landi. Nú eru um 20 Suzukikennarar starfandi á landinu og um 300 nemendur stunda nám eftir aðferðinni í Reykjavík, Reykjanesbæ, Borgarfirði, og á Akureyri.

Joseph Gingold, einn frægasti fiðlukennari í Bandaríkjunum sagði um Suzuki að hann hefði gert meira fyrir list fiðluleiksins en nokkur annar á þessari öld. Clifford Cook sem var einn hinna fyrstu til að kynna Suzukiaðferðina vestan hafs sagði: "Það sem Suzuki hefur gert fyrir ung börn hefur skipað honum sess meðal velgerðarmanna mannskynsins, manna á borð við Pablo Casals og Albert Schweitzer. "

Kristinn Örn Kristinsson, október 1998